



UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Umsögn um tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um könnun á ánægju með störf aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks

Á fundi borgarráðs þann 22. september, var lögð fram meðfylgjandi tillaga og greinagerð áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, um könnun á ánægju með störf aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks, sbr. 22. lið fundargerðar borgarráðs s.d.

Tillögunni var vísað til umsagnar mannréttinda og lýðræðisskrifstofu með bréfi skrifstofu borgarstjórnar þann 5. október 2022. Jafnframt var umsögnin lögð fram á fundi aðgengis- og samráðsnefndar þann 17. nóvember 2022.

Umsögn mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu:

Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks hefur ekki yfir fjármagni að ráða til að gera könnun á ánægju allra hagsmunafélaga um störf nefndarinnar. Aðgengis- og samráðsnefnd fagnar því hins vegar ef hagsmunafélög myndu vilja gera könnun á ánægju með störf nefndarinnar meðal síns félagsfólks. Hagsmunafélög hafa dagskrárvald í aðgengis- og samráðsnefnd, líkt og tekið er fram í samþykkt um aðgengis- og samráðsnefnd, og þeim því frjálst að koma málum á framfæri í nefndinni.

Virðingarfyllst,
Elísabet Pétursdóttir
Miðlæg stjórnslá
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Hjálagt: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins

BORGARRÁÐ 22. september 2022: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um könnun á ánægju með störf aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks – MSS22090167

Lagt er til að borgarráð samþykki að láta fara fram könnun hjá hagsmunasamtökum fatlaðs fólks á ánægju þeirra með störf aðgengis- og samráðsnefnd Reykjavíkur í málefnum fatlaðs fólks.

Greinargerð:

Fulltrúi Flokks fólksins hefur verið hugsi yfir starfi aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks og þá helst hvernig hún er að að virka. Nefndin fer með verkefni samráðshóps um málefni fatlaðs fólks samkvæmt 2. mgr. 42. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga ásamt verkefnum ferlinefndar sem áður var starfandi hjá sveitafélaginu. Um er að ræða lögbundin verkefni en aðgengisþátturinn er með fókus á þjónustu við fatlað fólk. Ekki er víst að þessir tveir vinklar eigi heima undir sama hatti auk þess sem nefndin er nú orðin frekar stór. Vel kann að vera að margt gangi mjög vel í nefndinni t.d. eru allar umsagnir unnar af fulltrúum hagsmunasamtaka. Það sem fulltrúa Flokks fólksins finnst ábótavant er að fulltrúar hagaðila hafa ekkert dagskrárvald í nefndinni, þótt samráð sé þannig að hlustað sé á alla þá er fulltrúi Flokks fólksins ekki viss um hvort það samráð náí að hafa áhrif á ákvarðanatöku. Dreifa þarf valdi í nefndinni ef vel ætti að vera. Þess vegna er lagt til að kannað verði með viðhorf og ánægju með nefndina og fyrirkomulag hennar.